



VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAHREPPS

15. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn mánudaginn 24. mars 2025 kl. 15:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Kolbrún Haraldsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn þau: Hannibal Kjartansson, veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson, yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Í upphafi fundar óskaði formaður eftir athugasemdum við fundarboð sem engar komu fram. Hér var gengið til dagskrár.

1. Ársreikningur Hitaveitu Flúða og nágrennis 2024.

Rekstrarhagnaður Hitaveitu Flúða og nágrennis nemur 13,9 m.kr. sem er umtalsvert meiri hagnaður en árið 2023 þegar hagnaður af starfseminni var 10,1 m.kr.

Tekjur nema 103,3 m.kr. og rekstrargjöld 74,8 m.kr. Er því rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði 28,5 m.kr. Handbært fé frá rekstri nemur 41 m.kr. Fjárfesting nam 43 m.kr. og afborganir langtímaskulda 6,8 m.kr. Engin ný lán voru tekin á árinu.

Er ljóst að rekstur hitaveitunnar er í góðum höndum og engin meiriháttar áföll urðu í rekstrinum á árinu 2024.

Ársreikningurinn lagður fram, samþykktur samhljóða og undirritaður. Verður hann í framhaldinu lagður fram til samþykktar í sveitarstjórn.

2. Ársreikningur Hrunaljóss 2024.

Rekstrartap Hrunaljóss nemur 2,3 m.kr. sem er umtalsvert minna tap en reyndin varð árið 2023 þegar tap af starfseminni nam 8 m.kr.

Tekjur nema 16,8 m.kr. og rekstrargjöld 10,4 m.kr. Er því rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði jákvæð um 6,5 m.kr. Skuld félagsins við A-hluta sveitarsjóðs veldur því að rekstrartap er á fyrirtækinu árlega þó að jákvæður viðsnúningur sé þetta árið í rekstri félagsins.

Handbært fé frá rekstri nemur 5,5 m.kr. Fjárfesting nam 6,7 m.kr. og afborganir langtímaskulda og af skuld við Hrunamannahrepp nam 8,4 m.kr. Engin ný lán voru tekin á árinu.

Með fleiri notendum stefnir rekstur Hrunaljóss til betri vegar og er það ánægjulegt.

Ársreikningurinn lagður fram, samþykktur samhljóða og undirritaður. Verður hann í framhaldinu einnig lagður fram til samþykktar í sveitarstjórn.

Handwritten signatures: EFS, Wm DGS, Alon, B, and a large stylized signature.

3. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda – yfirmaður eignasjóðs.

a. Félagsheimili – innrétting ráðhúss, bókasafns, fundarsala

Pökkun á bókasafni er hafin og verið er að grísa safnkostinn. Búið er að finna geymslur fyrir safnið og mun flutningur þess hefjast í næstu viku. Áætlað er að verkið hefjist í næstu viku en verklok eru áætluð í lok júní n.k.

b. Girðingar við Flúðaskóla

Girðingarnar eru komnar upp en enn er eftir örlítill lokafrágangur sem er mikilvægt að verði kláraður.

c. Móttökustöð – gámasvæði

Undirbúningur að framkvæmdum sumarsins er í fullum gangi og einingar fyrir flokkunarramp eru komnar á svæðið.

d. Framkvæmdir við salerni, kennslugang og miðrými Flúðaskóla

Búið er að ráð verktaka í verkið sem mun hefja framkvæmdir um leið og skóla lýkur í vor.

e. Innrétting á geymslu fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga

Sveitarstjórn hefur gert samning við Héraðsskjalasafn Árnesinga um útleigu á hluta kjallarans að Hrunamannavegi 3. Stefnt er að því að geymsla fyrir safnið í húsnæðinu verði tekin í notkun á vormánuðum. *Nefndin ræddi um valkosti í efnisvali og felur starfsmönnum að vinna málið áfram.*

f. Bygging skála í Svínárnesi

Teikningar að skálanum eru væntanlegar á allra næstu dögum. Um leið og þær eru tilbúnar verður farið í verðkönnun á efnishluta skálans. Yfirmanni eignasjóðs er falið að ræða við verktaka varðandi aðra verkþætti og sjá um skipulagningu framkvæmdarinnar sem brýnt er að hefjist um leið og mögulegt er.

g. Önnur verkefni

Yfirmaður eignasjóðs kynnti fyrirkomulag sorpmála við Hrunamannaveg 3. *Starfsmönnum falið að finna lausn á þessum málum sem hentar þeirri starfsemi sem verður á svæðinu.*

Steypa á stétt með hita á pottasvæði sundlaugarinnar er möguleg í maí.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að ráðist verði í framkvæmdina.

4. Flatholt –deiliskipulag fyrir geymslusvæði lagt fram.

Kynnt drög að deiliskipulagi fyrir svæðið.

Nefndin er sammála þeirri tillögu sem lögð var fram og hvetur til þess að skipulagið fari í lögboðið ferli sem allra fyrst.

ÆES

DAS

Wid

Wid
B

5. Lðjúblóð – breyting á deiliskipulagi.

Tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi hefur verið sent til birtingar og tekur því gildi innan skamms. *Málið kynnt.*

6. Lðjúblóð, Garðastígur og Ljónastígur – næstu skref gatnagerðar.

Útboðið var auglýst í Morgunblaðinu, á vefmiðlum og á útbodsvefur.is. Tilboð verða opnuð þann 28. mars kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

7. Hreinsistöð undir Hofatúni – staða máls.

Tankurinn er kominn niður og gekk sú framkvæmd vel. Búið er að tengja Akurgerði við stöðina og verið að klára tengingu Hofatúns. Þegar því er lokið er eingöngu lokafrágangur umhverfis stöðina eftir.

8. Hitaveita – endurnýjun á lögn frá Högnastíg að gatnamótum Hvammsvegar.

Veitustjóri gerði grein fyrir nauðsyn þess að hitaveitulögnin verði endurnýjuð.

Nefndin samþykkir samhljóða að mælast til þess við sveitarstjórn að ráðist verði í verkið í samræmi við tillögur veitustjóra.

Hér vék Ævar af fundi.

9. Erindi frá Flúðajörfa ehf og Flúðasveppum ehf frá 10. mars 2025

Í erindinu eru settar fram ábendingar um atriði sem betur hefðu mátt fara og þá sérstaklega hvað varðar tímasetningu framkvæmda hitaveitunnar við Garðastíg, sem og sand í síum og flökt á hitastigi.

Nefndarmenn þakka góðar ábendingar en tekið verður tillit til þeirra athugasemda sem settar eru fram. Um leið er beðist velvirðingar á þeim truflunum sem framkvæmdir við Garðastíg hafa valdið sem og tenging Kópvatnsholunnar við veitukerfið. Reynt verður eftir fremsta megni að sjá til þess að slíkar truflanir endurtaki sig ekki. Vonum við að aðlögunartímabili hvað varðar tengingu Kópvatnsholunnar fari að ljúka.

Hér tók Ævar aftur sæti á fundinum.

10. Verkfundargerðir

a. Röðulstangi – gatnagerð – frá 6. mars 2025

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b. Hrunamannavegur 3 – heilsugæsla frá 25. febrúar 2025

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:37

Bjarnur Vigníðlöttur
Köndrín Haraldsdóttir
Dati Geir Samuelsson

Ævar E. Sigurðsson

Gunnar Þorvaldsson

Altið Ágústsson
Samuðl. Ágústsson